

# Innritun í framhaldsskóla

- ❖ Inntökuskilyrði miðast við skólaeinkunnir í 10. bekk.
- ❖ Inntökuskilyrði í framhaldsskóla eru nokkuð mismunandi, en flestir framhaldsskólar tiltaka lágmarks einkunnir sem nemendur þurfa til að komast inn á tiltekna brautir.
- ❖ Skólameistari framhaldsskóla getur ákveðið að líta til annarra þátta, t.d. einkunna úr öðrum námsgreinum við sérstakar aðstæður.

# Opin hús og aðrar kynningar

- ❖ Framhaldsskólarnir verða flestir með opin hús
- ❖ Sendi upplýsingar með dags- og tímasetningum
- ❖ Verkiðn býður nemendum í 9. og 10.bekk á framhaldsskólakynningu og Íslandsmót iðn- og verkgreina sem haldin verður dagana 16. – 18. mars í Laugardalshöll

# Innritun í framhaldsskóla

- ❖ **Forinnritun** – ekki bindandi val en verður að vera raunhæft.  
Verður dagana 6. mars – 10. apríl.
- ❖ **Lokainnritun** verður dagana 4. maí – 9. júní.
- ❖ Einkunnir berast rafrænt með umsóknum til viðkomandi framhaldsskóla. Gott er þó að skoða á Menntagátt að lokinni útskrift, hvort ekki hafi farið inn réttar einkunnir og gera strax athugasemdir ef svo er ekki.
- ❖ Lokadagur úrvinnslu umsókna er 28. júní.

# Innritun í framhaldsskóla

- ❖ Foreldrar/forráðamenn fá sent kynningarbréf vegna innritunar.
- ❖ Veflyklar verða sendir til grunnskólanna og afhentir nemendum þar.
- ❖ [Menntagátt](#) er upplýsingasíða um framhaldsskóla og þar inni er hægt að gerast vinur síðunnar á facebook. Innritun í framhaldsskóla fer fram á Menntagátt.
- ❖ [Menntamálastofnun](#) hefur umsjón með framkvæmd innritunarmála og hefur eftirlit með því að allir nemendur fái lausn sinna mála.

# Innritunarferlið

## Forinnritun:

- ❖ Nemendur sækja um tvo skóla og setja í fyrsta val þann skóla sem þeir vilja helst fara í
- ❖ Nemendur velja sér tvær brautir í hvorum skóla og setja í fyrsta val þá braut sem þeir vilja helst fara á

## Lokainnritun:

- ❖ Ef áhugi eða forsendur hafa ekki breyst frá forinnritun, þarf ekki að breyta neinu í skráningu, þ.e. umsókn úr forinnritun gildir en mikilvægt er að **muna að staðfesta** umsóknina svo hún verði gild og skólarnir sjái umsóknina í kerfinu
- ❖ Nemendur sem vilja geta breytt umsóknum til miðnættis 10. júní

# Breytingar frá því sem áður var

- ❖ Stefnt að því að nemendur geti lokið stúdentsprófi á 3 árum, nemendur í iðnnámi ljúka námi á 4 árum
- ❖ Breytingar á einingakerfinu

## Gamlar einingar:

Fullt nám: 18 einingar

á önn

Einingar til stúdentsprófs:

140

## Nýjar einingar:

Fullt nám: 30-34 feiningar

á önn

Einingar til stúdentsprófs:

um 200

# ...og enn um breytingar

## ❖ Hæfniprep

- Í grunnfögunum ísl, ens og stæ þurfa nemendur að hafa lokið 1.hæfniprepi til að geta sótt um inn á námsbrautir framhaldsskólans

## ❖ Breytt heiti á námsáföngum

- Dæmi: Ísl 203 gæti heitið....

ÍSLE 2BA05

ÍSLE AA/AH05

ÍSLE 2KK05

- ❖ Í framhaldsskóla eiga þurfa nemendur að ljúka ákveðnum hluta námsins á hæfniprepi 1-3

# Innritun í framhaldsskóla

- ❖ Ef um er að ræða vottorð eða sérstakar upplýsingar, t.d. um fötlun eða lesblindu, þá er það á ábyrgð nemandans / forráðamanns að senda viðkomandi skóla þær upplýsingar þegar hann hefur nám, þær berast ekki sjálfkrafa milli skólastiga.
- ❖ Í áfangaskólum eru töflubreytingar áður en skóli hefst, þá geta nemendur/forráðamenn komið með óskir um námsálag.
- ❖ Vorið 2013 fengu ríflega 86% nemenda skólavist í þeim skóla sem þeir völdu í fyrsta vali og tæplega 12% í öðru vali. Alls fengu því 98% nemenda skólavist í þeim skólum sem þeir óskuðu eftir. Í kringum 80 nemendur af 4.110 komust ekki inn í þá skóla sem þau völdu sér og var þeim því fundin skólavist í öðrum skólum. [Heimild: Heimasíða Menntamálaráðuneytisins](#)



# Innritun í framhaldsskóla

- ❖ Allir nemendur eiga rétt á námi við sitt hæfi í samræmi við óskir og hæfni. Framhaldsskólar bjóða nú upp á um það bil **100 námsbrautir**, þar af um **80 starfsnámsbrautir**
- ❖ Af öllum námsbrautum eru leiðir til frekara náms – hægt er að bæta við sig einingum og ljúka stúdentsprófi af nánast öllum námsbrautum.

# Hátt brotthvarf á Íslandi

- ❖ Brotthvarf á Íslandi með því mesta í Evrópu
- ❖ 45% nemenda sem innritast í framhaldsskóla í fyrsta sinn ljúka einhverri prófgráðu á fjórum árum eða minna.
- ❖ Sambærilegar tölur eru 57% í Noregi og 61% í Danmörku

[Heimild: skýrsla Menntamálaráðuneytisins](#)

# Brotthvarf – hvað geta foreldrar gert?

- ❖ Mikil breyting að fara í framhaldsskóla
- ❖ Sýna náminu áhuga svo og félagslega þættinum
- ❖ Fylgjast með ástundun í gegnum upplýsingakerfi skólans
- ❖ Fylgjast með nýjum vinatengslum
- ❖ Hvetja þau til að setja námið í fyrsta sæti
- ❖ Mæta á foreldrafundi og kynningar

# Framhaldsskólinn

- ❖ **Námsleiðum í framhaldsskóla er skipt í nokkra meginflokka eftir skyldleika náms og/eða starfsgreinum:**
- ❖ **Almennt nám** – Opin nemendum sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir. Þessar brautir heita mismunandi nöfnum eftir skólum, t.d. Framhaldsskólabraut, Almenn braut og Brautarbrú.
- ❖ **Listnám.** Námið tekur almennt þrjú ár og býr nemendur undir áframhaldandi nám og störf á sviði lista. Brautirnar eru m.a.: hönnun, listdans, margmiðlunarhönnun, myndlist og tónlist.
- ❖ **Starfsbrautir** eru ætlaðar nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla og ekki hafa forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum.

# Framhaldsskólinn

- ❖ **Starfs-/iðnmenntun.** Námsbrautir sem veita undirbúning til tiltekinna starfa og/eða áframhaldandi náms. Margar starfsmenntunarbrautir leiða til ákveðinna starfsréttinda. Dæmi: húsmíði, snyrtibraut, véltækni, tanntæknibraut, rafeindavirkjun, hársnyrtiiðn.
- ❖ **Stúdentsnám.** Fjölbreyttar bóknámsbrautir....námi lýkur með stúdentsprófi
- ❖ Einnig er mögulegt að ljúka stúdentsprófi með **viðbótarnámi** af öðrum brautum t.d. starfsmenntabrautum og listnámsbrautum.

# Almennt menntaskólanám -áfangakerfi-

- ❖ Borgarholtsskóli
- ❖ Fjölbrautarskólinn við Ármúla
- ❖ Fjölbrautarskólinn í Breiðholti
- ❖ Fjölbrautarskólinn í Garðabæ
- ❖ Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
- ❖ Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- ❖ Menntaskólinn við Hamrahlíð
- ❖ Menntaskólinn í Kópavogi
- ❖ Menntaskólinn við Sund
- ❖ Myndlistaskólinn í Reykjavík
- ❖ Tækniskólinn

# Almennt menntaskólanám -bökkjakerfi-

- ❖ Menntaskólinn í Reykjavík
- ❖ Kvennaskólinn í Reykjavík
- ❖ Verslunarskóli Íslands \*\*

\*\* Bekkjaskóli með áfangasniði

## Bóknámsskóli -þriggja anna kerfi-

- ❖ Menntaskólinn við Sund

## Skólar sem bjóða upp á -starfsmenntun-

- ❖ Borgarholtsskóli
- ❖ Fjölbrautarskólinn í Breiðholti
- ❖ Fjölbrautaskólinn við Ármúla
- ❖ Iðnskólinn í Hafnarfirði
- ❖ Menntaskólinn í Kópavogi
- ❖ Tækniskólinn



# Námsmöguleikar að lokinni Starfsmenntun

- ❖ Viðbótarnám til undirbúnings fyrir háskólanám
  - Frá framhaldsskólum
  - Sumir háskólar bjóða upp á frumgreinanám/háskólabrýr, s.s. Keilir, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík
- ❖ Háskólanám á viðkomandi sviði
- ❖ Iðnmeistararnám
- ❖ Háskólanám erlendis

# Sérstaða starfsmenntunar

- ❖ Er nám sem í mörgum tilfellum veitir ákveðin starfsréttindi
- ❖ Lýkur oft með sveinsprófi
- ❖ Er tengt atvinnulífinu og hluti námsins felst í vinnustaðanámi
- ❖ Er skapandi nám
- ❖ Veitir í sumum tilfellum alþjóðleg réttindi
- ❖ Býður upp á framhaldsmenntun

# Starfsmenntun

- ❖ Mikil þörf fyrir fólki í atvinnulífinu með starfsmenntun. Sjáum fram á skort á t.d, rafvirkjum, pípurum, vélstjórum, húsasmiðum, sjúkraliðum og í málmiðngreinum
- ❖ Mikill vöxtur í skapandi greinum
- ❖ Mikill vöxtur í greinum tengdum tölvuleikjagerð
- ❖ Tekjumöguleikar góðir – lífstekjur iðnarmanna hærri en margra háskólamenntaðra
- ❖ Atvinnuöryggi almennt gott
- ❖ Rannsóknir sýna að þeir sem vinna við iðngreinar eru almennt ánægðir í starfi og myndu mæla með sínu starfi við aðra.